

# Lög

## um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:  
Lögin gilda einnig um starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

### 2. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 14. gr., 22. gr. og 24. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

### 3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:  
Allt úrkast efna og hluta í hafið er óheimilt, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.  
Hollustuvernd ríkisins getur heimilað að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- dýpkunarefnum;
- náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;
- fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum.

Við veitingu leyfis skv. 2. mgr. skal taka mið af eðli efnanna og hlutanna, magni þeirra og aðstöðu á losunarstað.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um úrkast dýpkunarefna að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Siglingastofnunar Íslands. Þar skal sérstaklega kveðið á um magn þeirra mengunarefna sem vísað er til í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

### 4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:  
Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands, utan hafnarsvæða.

### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:  
a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir að setja nánari reglur um framkvæmd þessara mála, svo sem um skiptingu landsins í svæði, skipan í svæðisráð, notkun mengunarvarnabúnaðar og stjórn á mengunarstað.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir sett samræmda gjaldskrá vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
- b. Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ kemur: Siglingastofnunar Íslands.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
- c. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra“ í 4. mgr. falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. maí 1996.*